

# Fundargerð

---

## 84. fundur í Safna- og menningarmálanefnd miðvikudaginn 22.01.2014 kl. 18 haldinn í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Dagbjört Höskuldsdóttir, Árni Valgeirsson, Elísabet L. Björgvinsdóttir, Anna María Rafnsdóttir sem ritar fundargerð og Ragnheiður Óladóttir frá Amtbókasafninu.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla frá forstöðumanni Amtbókasafns
2. Önnur söfn í Stykkishólmi, reynsla af safnapassa
3. Ljósmyndasafnið- hvernig gengur
4. Norðurljósinn 2014 kosin framkvæmdanefnd.
5. Önnur mál

Þetta gerðist:

- 1 Ragnheiður lagði fram skýrslu Amtbókasafns og skýrði stöðu mála í rekstri safnsins. Þar greindi hún frá útlánum safnsins sem hafa aukist smávegis milli ára. Lánþegum hefur fjölgað úr 253 í 283 árið 2013. Þá ræddi hún um innkaup og fleira því viðkomandi. Fram kom að það vanti hillupláss fyrir fræðibækur og verið sé að vinna í því að rýmka fyrir þeim. Ragnheiður gerði athugasemd við ástand forstofu í bókasafninu og telur að það sé orðið nauðsynlegt að lagfæra hana. Hún segist vera búin að ganga á eftir því að það verði gert, en ekkert gerist. Ragnheiður telur orðið að forstofan sé orðin bæjarfélaginu til skammar. Búið er að komast fyrir leka inn í forstofuna, þannig að það á bara eftir að klára málið. Einn starfsmaður er í safninu í 75% stöðu fyrir utan forstöðumann og Árni Valgeirsson hefur leyst af. Ýmis námskeið og uppákomur hafa verið haldin í safninu sl. ár m.a heklnámskeið, heimsóknir úr Grunnskólanum, bókavika og svo var jólastundin á sínum stað. Núna er Ingibjörg Ágústsdóttir með muni í safninu sem að lífgar mikið upp á safnið.
- 2 Fundarmenn fengu í hendur samanburð á útlánum milli ára og Ragnheiður gerði grein fyrir þeim.
2. Vatnasafn, aðsókn hefur verið svipuð- og í safninu hafa verið hinar ýmsu uppákomur sl. ár. Þar hefur líka verið ýmislegt um að vera. Svo að eitthvað sé upp talið þá kom Elfar Logi hér í maí með sýningu um Sigvalda Kaldalóns, þar sem aðsókn var góð. Ylja og Samaris voru hér í júlí við góðar undirtektir. Svo voru Snorri Helgason og Lay Low hér með útgáfu tónleika hér bæði tvö í nóvember.

Einnig var árlegur viðburður á vegum Art Angel og Vatnasafnsins, þó að hér sé nú ekki allt upp talið.

Menningaráð Vesturlands styrkti safnið um 300.000.-kr., sem að styrkti þá viðburði sem voru í safninu á árinu.

Ragnheiður vildi taka það fram varðandi Vatnasafnið að það er komið að ýmsum lagfæringum við safnið, en segist ekki hafa fengið áheyrn með þær viðgerðir sem að séu nauðsynlegar.

Safnapassi: talað er um góða reynslu af honum, og ákveðið að reyna þetta áfram sem er jákvætt.

- 3 Dagbjört ræddi um Ljósmyndasafnið, og lagði áherslu á að það þyrfti að koma skikki á safnið og halda vel utan um það. Talað var um að það væri í lögum safnsins að það eigi að taka við myndum sem að fólk kemur með til að afhenda safninu. Það hefur borið á því að fólk hafi verið sent til baka með myndir sem það hefur viljað koma á safnið og verið borið við plássleysi. Það er mikill áhugi fyrir safninu og gömlum myndum á meðal almennings þannig að það er nauðsynlegt að halda þessari vinnu áfram. Það þarf að koma nöfnum og skrá þá aðila sem á myndunum eru, þar sem þá vantar. Talað um nauðsyn þess að gera það meðan enn er fólk sem getur skilgreint þá sem myndirnar eru af. Það er nauðsynlegt að hlutirnir komist á hreint varðandi Ljósmyndasafnið.
- 4 Gamla nefndin sem að sá um Norðurljósahátíðina kemur til með að taka þá vinnu að sér aftur. Það eru Guðfinna Diego, Þórunn Sigbórsdóttir og Berglind Axelsdóttir, þannig að málið er hér eftir í þeirra höndum og þær fara að finna dagsetningu á hátíðina og fl.
- 5 Umræður um sögu Stykkishólms- 2 bindi komin út og nauðsynlegt að klára 3ja bindið. Samkvæmt samningi sem að gerður var á að klára það 3ja (Ásgeir) Rakel Olsen talar um að öll þau gögn sem að hafi tilheyrt þessari vinnu hafi hún sótt og komið megninu af því fyrir í bókasafninu en Rakel er sjálf með fundargerðabók nefndarinnar sem vann að ritun sögu Stykkishólms. Það er spurning um að þessi mál verði skoðuð og kláruð. Umræða var um það að safna saman diskum frá þorablótum fyrri ára og halda þar með utan um menningu bæjarins. Það hefur alltaf verið í umræðunni í gegnum árin að koma diskum af blótunum í bókasafnið en það virðist ekki hafa verið gert. Það væri því mjög gaman ef að eitthvað yrði gert í því.

Fleira gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið kl. 19.00

Dagbjört Höskuldsdóttir  
Árni Valgeirsson

Anna María Rafnsdóttir  
Elísabet Lára Björgvinsdóttir